



Dagsetning: 10. nóvember 2023
Málsnúmer: 2210143/0.0

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Upplýsingafulltrúi hefur unnið að drögum að vefstefnu og innri og ytri samskiptastefnu Fjarðabyggðar ásamt forstöðumanni stjórnsýslusviðs og upplýsingamála. Engar efnislegar breytingar hafa verið gerðar á milli umræðna.

Upplýsingafulltrúi leggur til að stefnurnar verði settar til eins árs og svo endurskoðuð að þeim tíma liðnum.

Markmið samskiptastefnu Fjarðabyggðar er að eiga frumkvæði að skýrri og traustri upplýsingagjöf, og um leið að gera upplýsingar aðgengilegar og tryggja gagnsæi í stjórnsýslu, auk þess jafna aðgengi allra íbúa Fjarðabyggðar og annarra hagsmunaaðila að upplýsingum um starfsemi sveitarfélagsins.

Innri samskiptastefna er leiðarljós þeirra sem þurfa starfa sinna vegna að miðla efni og upplýsingum til starfsfólks Fjarðabyggðar. Hér er átt við upplýsingar sem þurfa að berast öllu starfsfólki. Markmiðið er að tryggja og stuðla að góðu upplýsingaflæði til og milli starfsfólks og minnka óþarfa áreiti.

Markmið vefstefnu Fjarðabyggðar er að tryggja markvissa miðlun upplýsinga á vefsíðum sveitarfélagsins og setja skýr viðmið um framsetningu þeirra. Tryggja skal fyrsta flokks þjónustu, gæði og áreiðanleika í miðlun upplýsinga. Enn fremur er markmið stefnunnar að öllum öryggiskröfum við miðlun upplýsinga sé fullnægt. Vefstefnan tekur mið af samskiptastefnu Fjarðabyggðar.


Haraldur Línal Haraldsson
Upplýsingafulltrúi
